



**Fundargerð**  
**27. aðalfundar**  
**Sorpstöðvar Suðurlands**

haldinn 21. nóvember 2008  
á Hvolsvelli

## Setning

**Ragnheiður Hergeirsdóttir**, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

Hún tilnefndi Elvar Eyvindsson og Eydísi Indriðadóttur sem fundarstjóra og Ágúst Inga Ólafsson og Þuríði Halldóru Aradóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

## Kosning í kjörbréfa og kjörnefnd

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Gunnar Þorgeirsson formaður	Grímsnes og Grafningshreppi
Gylfi Þorkelsson	Árborg
Ingvar P. Guðbjörnsson	Rangárþing ytra
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Gunnlaugur Grettisson	Vestmannaeyjabær
Jóna Sigurbjartsdóttir	Skaftárhreppi

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að fjárhagsnefnd:

Ragnheiður Hergeirsdóttir, form.	Árborg
Ólafur Áki Ragnarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Margrét Sigurðardóttir	sveitarstjóri Flóahrepps
Ísólfur Gylfi Pálmason	sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Herdís Þórðardóttir	Hveragerðisbær

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

## Skýrsla stjórnar

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Mörg mál hafa verið á borði stjórnar á árinu. Unnið var að Metanverkefni, þar sem kannaðir voru möguleikar á að nýta gas í Kirkjuferjuháleigu. Líklegt er að hægt sé að vinna gas þar fram til 2020. Sorpstöðin ákvað á árinu að auka hlutafé sitt í Förgun ehf um 6 millj. kr. á móti sláturleyfishöfum sem gerðu slíkt hið sama. Svæðisáætlunin er stærsta verkefni stjórnar. Auknar skyldur eru um meðhöndlun úrgangs. Mikil umræða var um móttöku á riðusmituðum úrgangi. Stjórnin telur að það hafi ríkt mikið úrræðaleysi í þeim málaflokki. Óskir hafa komið upp að urða það í Kirkjuferjuháleigu, en það er umdeilt mál. Unnið er að kaupum á færanlegum brennsluofni til að mæta þessum vanda á landsvísu. Blátunnuverkefnið snýst söfnun á endurunnum úrgangi. Það er hagur sveitarfélaganna að taka þátt í því verkefni. Móttöku úrgangs verður hætt í Kirkjuferjuháleigu 1. des. 2009 og liggja drög að samkomulagi við Sorpu um móttöku á sorpi fyrir. Blátunnuverkefnið fór í sameiginlegt útboð. Stjórnin hafnaði öllum tilboðum vegna þess hversu há þau voru. Ákveðið að bjóða ekki út aftur heldur myndu sveitarfélögin hvert og eitt gera samninga um verkefnið. Lagt er til að sveitarfélögin hafi samræmd

markmið. Takmarkið er að lágmarka urðun á úrgangi í framtíðinni. Að lokum þakkaði hún framkvæmdastjóra, stjórn og starfsmönnum fyrir gott samstarf um leið og hún ítrekaði mikilvægi þessa samstarfs.

### **Skýrsla framkvæmdastjóra.**

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson** framkvæmdastjóri kynnti fyrirtækið og starfsemi þess. Sorpstöðin hefur á að skipa þremur starfsmönnum. Afkoman var góð á síðasta ári eða um 36 milljón kr. hagnaður og eru öll lán greidd að fullu. Gjaldskráin hækkaði um 3% í ársbyrjun og lagt er til að hún hækki um 5% 1. janúar 2009. Á urðunarsvæði hefur starfsemin gengið vel samkvæmt venju og er til þess tekið hve vel gengur að halda því snyrtilegu. Mikill byggingarúrgangur kom á urðunarsvæði eftir jarðskjálftann. Sorpmagn hefur aukist um 10% frá árinu 2006. Sveitarfélögin hafa skilað 6% minna magni af úrgangi m.v. 2007 sem skýrist m.a. af því að atvinnufyrirtækin eru að aðgreinast frá bókhaldi sveitarfélaganna. Við skipulagningu á magni og straumum skiptir máli fjöldi heimila, fasteigna og ekki síst sumarbústaðir sem voru á síðasta ári skráðir rúmlega 5.000 á svæðinu. Sorpstöðin færir grænt bókhald. Hún styrkir jafnframt verkefnið Vistvernd í verki. Skv. rannsókn sem nýlega var opinberuð er sóun matvæla um 3 milljarðar en heildarsóun heimila um 8 milljarðar. Um 260 kg. af úrgangi frá sumarbússtöðum falla til á hverju ári. Heimasíða Sorpstöðvarinnar var uppfærð á árinu og hefur að geyma miklar upplýsingar um málaflokkinn.

### **Umræður:**

**Elva Dögg Þórðardóttir** tók til máls og spurðist fyrir um færanlegan brennslubúnað.

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson** gerði grein fyrir vinnuhóp sem hefur unnið að tillögum um brennslubúnað. Hann lýsti brennslubúnaði og kostnaði við hann.

### **Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins.**

**Gunnar Þorgeirsson** formaður nefndarinnar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum, en alls voru mættir 8 aðalfulltrúar og 1 varafultrúar. Gild kjörbréf eru 9. Fundur úrskurðast því lögmætur.

### **Kynning á svæðisáætlun og samstarfi sveitarfélaganna á SV-horninu.**

**Ögmundur Einarsson**, formaður verkefnisstjórnar, kynnti svæðisáætlunina. Sveitarfélögin frá Gilsfjarðarbotni austur að Markarfljóti gengu að samstarfi um þetta verkefni 2004. Á þriggja ára fresti er verkefnið endurskoðað. Svæðisáætlunin byggir á þáttum í umhverfismati. – samsafn af staðreyndum. Áætlun var sett fram árið 2005 sem greindi frá aðgerðum til framtíðar fyrir sveitarfélögin m.t.t. til umhverfisverndar. Samþykkt liggur fyrir meðal sorpsamlaga um urðun á lífrænum úrgangi skuli hætt eigi síðar 2020. Nokkrir aðilar hafa komið inn í verkefnið á síðari stigum þ.e. Úrvinnslusjóður og RRS, sem sér um eyðingu rafeindabúnaðar. Ögmundur fjallaði um mögulegar lausnir á losun og urðun úrgangs, þ.a.m. gasgerð, jarðgerð, eldsneytisframleiðslu, brennslu og urðunarstaði. Verkefnið verður kynnt og auglýst í desember á þessu ári.

## Umræður:

**Ari Thorarensen** tók til máls og þakkaði fyrir gott erindi. Hann spyr hvort þessi framtíðarúrvinnslumál séu raunveruleg.

**Ögmundur Einarsson** sagði nýtingu orkunnar væri þegar staðreynd. Margir bílar á höfuðborgarsvæðinu væru þegar að nota þessa orku.

**Elva Dögg Þórðardóttir** tók til máls og þakkaði fyrir gott erindi. Hún spyr um endurskoðaða fjárhagsáætlun. Hafa menn hugsað sér að nýta þá urðunarstaði sem eru á svæðinu til að lágmarka kostnað sveitarfélaganna ?

**Ögmundur Einarsson** svaraði Elvu og sagði að kostnaður væri áætlaður um 70 milljónir en allt stefnir í að kostnaðurinn verði talsvert lægri. Varðandi urðunarstaði þá hefur tegund úrgangs mest að segja um hvaða urðunarstaði verða fyrir valinu.

## Afgreiðslumál.

### i. Ársskýrsla SOS.

Villa í ársskýrslu á síðu 3. Hrafnkelshólar eiga að vera Hrafnkelsstaðir.

### ii. Endurskoðaðir ársreikningar 2007.

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson**, framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning SOS og skýrði hann.

### iii. Tillaga að fjárhagsáætlun 2009.

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson**, framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2009.

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** formaður fjárhagsnefndar lagði fram tillögu nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar SOS fyrir árið 2009.

1. *Launaliðir verði óbreyttir frá áætlun 2008.*
2. *Annar rekstrarkostnaður verði óbreyttur frá fyrra ári.*
3. *Gjaldskrá verði óbreytt frá því sem nú er.*
4. *Í ljósi mikillar óvissu í efnahagsmálum er lagt til að endurskoðun fjárhagsáætlunar fari fram eftir fyrsta ársfjórðung ársins 2009. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands veiti stjórn og fjárhagsnefnd umboð til að afgreiða endurskoðaða fjárhagsáætlun.*
5. *Lagt er til að aðalfundur samþykki ársreikning 2007 sem liggur fyrir í gögnum áritaður af endurskoðanda, skoðunarmönnum og stjórn.*

*Ragnheiður Hergeirsdóttir  
Herdís Þórðardóttir  
Margrét Sigurðardóttir  
Ísólfr Gylfi Pálmason*

Tillagan fjárhagsnefndar borin undir atkvæði og samþykk með yfirgnæfandi meirihluta.

#### iv. Staðfesting gjaldskrár.

Gjaldskrá helst óbreytt frá því sem nú er skv. samþykktri tillögu frá fjárhagsnefnd.

#### Umræður:

**Margrét Sigurðardóttir** tók til máls og sagði frá því hvað verið er að gera í sorpmálum í Flóahreppi. Hún hvatti til samstöðu í sorpmálum.

**Ragnheiður Hergersdóttir** tók til máls. Hún þakkaði Margréti fyrir sitt innlegg og óskaði henni til hamingju með góðan árangur. Þá lýsti hún frekar blátunnuverkefninu. Samræming sveitarfélagana er mikilvægt í sorpmálum.

**Aldís Hafsteinsdóttir** tók til máls. Hún sagði framtak Flóahrepps vera til fyrirmyndar og sagði Hveragerðisbæ ætla sömu leið í sorpmálum. Best er að flokka og ganga frá sorpi sem næst upprunastað.

#### Kosningar

##### i. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands

Gunnar Þorgeirsson, formaður kjörnefndar lagði fram tillögu nefndarinnar:

##### **Aðalmenn**

Örn Þórðarson, formaður	Rangárþing ytra
Ragnheiður Hergersdóttir, varaform.	Árborg
Ólafur Áki Ragnarsson	Ölfus

##### **Varamenn**

Unnur Brá Konráðsdóttir	Rangárþing eystra
Jón Hjartarson	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

##### ii. Tveir skoðunarmenn ársreikninga og tveir til vara.

Gunnar Þorgeirsson, formaður kjörnefndar lagði fram tillögu nefndarinnar:

Elín Einarsdóttir	Mýrdalshreppi
Margét Sigurðardóttir	Flóahreppi
Varamenn	
Herdís Þórðardóttir	Hveragerði
Sigurður Jónsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** tók til máls og þakkaði stjórn og starfsmönnum gott samstarf þar sem hún lætur nú af formennsku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.50